



15. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 5. apríl 2019 í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur Sigurbergsson (GS) Gunnar Gunnarsson (GG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Lárus B. Lárusson (LBL), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Gunnar Þór Gestsson (GPB), Helga Jóhannesdóttir (HeJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AlÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

1. Fundur settur kl. 15.00.

2. **Skýrsla frá getraunum;** Stefán Konráðsson kynnti niðurstöðu og aðgerðarplan Vinnuhóps um Íslenskar Getraunir. Stjórn tekur undir þau meginsjónarmið sem fram koma í skýrslunni og framkvæmdastjóra falið að koma þeim sjónarmiðum á framfæri við hlutaðeigandi aðila. Stjórn hvetur til að unnið verði að gerð fræðsluefnis til að takmarka möguleika á peningabætti, hagræðingu úrslita og hættu á spilavanda og spilafíkn. Fulltrúum UMFÍ í stjórn Getrauna og Íslenskrar Getspár er falið að fylgja málinu eftir.

3. Umsókn ULM 2022.

Kynningar frá UFA:

- UFA – 2022. Ellert Örn Erlingsson, deildarstjóri íþróttadeildar Akureyrarbæjar, Helgi Rúnar Bragason, framkvæmdastjóri ÍBA og Þórhallur Másson, formaður UFA, kynntu umsóknina.

4. **Framkvæmdastjórnarfundargerðir nr.10 og 11.** – Fundargerðir samþykktar.

5. **Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.** Minnisblað lagt fram.

6. **Fjármál, endurnýjun húsnæðisláns.** Samþykkt að taka nýtt lán til 10 ára til uppgreiðslu á eldra láni. Eftir eru 16 ár af eldra láni. Greiðslubyrði verður nánast óbreytt. Framkvæmdastjóra falið að undirrita nauðsynleg skjöl vegna lántökunnar og uppgreiðslu á eldra láni.

7. **Laugarvatn, staða mála.** Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Framkvæmdastjórn falið að útfæra starfsemina í sumar.

8. Verkefni framundan:

- „Ungt fólk og lýðræði“ verður 10.-12. apríl, undirbúningur gengur vel og uppselt er á ráðstefnuna.
- Vorfundur UMFÍ verður ferð til Danmerkur 24.-27. maí, uppselt er í ferðina.
- Hreyfivika UMFÍ.

HeJ vék af fundi kl. 18:30.

9. **Kynning vinnuhóps stjórnar um mótsstaði.** Ómar Bragi Stefánsson kom inn á fundinn á fjarfundi undir þessum lið. ÖG og HrJ kynntu vinnu nefndarinnar.

HrJ vék af fundi kl. 19:20, SÓJ tók við ritun fundargerðar.

10. **Afgreiðsla umsókna um Unglingalandsmót UMFÍ 2021 og 2022.** Mótsstaðir ákveðnir. Tilkynnt verður um ákvörðunina á Unglingalandsmóti á Höfn um verslunarmannahelgina.

GPB vék af fundi undir þessum lið.

11. Ráðstefnan „Framtíð íþróttamála á Íslandi“ haldin 16. nóv. 2018 – umræða.
Framkvæmdastjóra falið að óska eftir samantekt frá ÍSÍ.

12. Undirbúningur 51. Sambandsþings UMFÍ 11.-12. okt. 2019 að Laugarbakka í Miðfirði.

- Laganefnd falið að fara yfir lög UMFÍ og skila tillögum inn á stjórnarfund í júní.
- Vinnuhópur um heiðranir er að störfum.
- Vinnuhópur um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ er að störfum.

RH vék af fundi kl.21:30.

13. Bréf sem borist hafa.

- Þakkarbréf frá Guðmundi Þorsteinssyni til stjórnar UMFÍ. – Móttekið.
- Bréf frá KSÍ varðandi skýrslu um uppbyggingu flugvallakerfisins og eflingu innanlandsflugsins sem almenningssamgangna. – Stjórn fagnar erindinu. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir við viðeigandi stjórnvöld og upplýsa hlutaðeigandi aðila um viðbrögð UMFÍ.
- Boð í 110 ára afmæli Umf. Aftureldingar 11. apríl n.k. – Móttekið.

14. Önnur mál.

- **Næsti stjórnarfundur.** Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði fimmtudaginn 2. maí.
- **Þrastalundur;** Framkvæmdastjórn falið að ræða við Advel, lögfræðistofu um lóðaleigusamning og stöðu innheimtumála.
- **Vinnuhópur um framtíðarverkefni.**
 - Stjórn þakkar starfsfólki fyrir svör í viðhorfskönnun.
 - Samþykkt að kanna afstöðu sambandsaðila um hvernig starf UMFÍ fellur að markmiðum í stefnu samtakanna.
 - Samþykkt að fela vinnuhópnum að halda áfram sinni vinnu um erlend samskipti, sbr. tillögu hópsins.
- **Auglýsing Landsmóts UMFÍ 50+ 2021.**
 - Auglýsing hefur þegar verið send út, umsóknarfrestur er til 1. júní.

HrJ og SÓJ rituðu fundargerð.
Fundi slitið kl. 21:50.